



ÁRSSKÝRSLA
2023

Ársskýrsla Bjarmahlíðar – miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi
Ábyrgðaraðili: Agnes Björk Blöndal, formaður framkvæmdaráðs Bjarmahlíðar
Útgáfustaður: Akureyri, maí 2024

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	4
Bjarmahlíð - árið 2023 í tölum.....	7
Hverjir eru það sem leita til Bjarmahlíðar?	11
Árið í Bjarmahlíð.....	13
Lykiltölur úr ársreikningi.....	17
Gjafir og styrkir 2023	17
Samstarfsaðilar Bjarmahlíðar	18
Akureyrarbær	18
Aflið	18
Háskólinn á Akureyri.....	18
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	18
Kvennaathvarfið.....	19
Kvennáráðgjöfin.....	19
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.....	19
Mannréttindaskrifstofa Íslands.....	19
Sjúkrahúsið á Akureyri.....	20

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Bjarmahlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi eystra var haldinn á Lögreglustöðinni á Akureyri þann 5. maí 2023 kl. 13:00.

Samkvæmt samþykktum Bjarmahlíðar er kosið til tveggja ára setu í stjórn. Stjórn samtakanna skipa fulltrúar allra aðila að samtökunum, einn frá hverjum aðila og einn til vara frá hverjum aðila. Hlutverk stjórnar er að móta og hafa eftirlit með störfum samtakanna, þ. á m. taka ákvarðanir um ráðningar starfsfólks og allar meiriháttar fjárhagslegar ákvarðanir sem teknar eru utan aðalfundar. Teymisstjóri Bjarmahlíðar ber ábyrgð á daglegum rekstri svo og vörslu og meðferð fjármuna, en framkvæmdaráð hefur eftirlit með daglegum rekstri og yfirumsjón.

Á aðalfund samtakanna mætti í fyrsta sinn nýráðinn teymisstjóri Bjarmahlíðar Kolbrún Magnea Kristjánsdóttir sem hóf störf þann 1. apríl 2023. Kolbrún var ráðin teymisstjóri í stað Bjarneyjar Rúnar Haraldsdóttur sem látið hafði af störfum í lok desember 2022. Ráðgjafi sem ráðinn hafði verið í 30% starfshlutfall í september 2022 lét af störfum 10. febrúar 2023. Störf teymisstjóra og ráðgjafa voru auglýst laus til umsóknar í febrúar 2023 og var Guðrún Kristín Blöndal, fyrrverandi teymisstjóri var ráðin tímabundið í 50% starfshlutfall sem teymisstjóri frá 1. febrúar 2023 og þar til búið væri að setja nýjan teymisstjóra inn í starfið

Samkvæmt samþykktum samtakanna skal stjórn funda með reglubundnum hætti og alla jafna á fjögurra mánaða fresti. Haldnir voru tveir stjórnarfundir á starfsárinu, auk aðalfundar, fyrst þann 13. október 2023, þar sem farið var yfir vendingar sem orðið höfðu í starfsmannamálum á haustmánuðum 2023 og síðar 22. apríl 2024 vegna undirbúnings aðalfundar.

Samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn samtakanna vera skipuð fulltrúum aðila að samtökunum, einum frá hverjum aðila, til tveggja ára í senn og einum fulltrúa til vara. Á aðalfundi 2023 var kosið um breytingar á stjórn Bjarmahlíðar á þann veg að Guðný Friðriksdóttir og Pétur Maack Þorsteinsson sem voru fulltrúar Heilbrigðisstofnunar skiptu um hlutverk þannig að Pétur sem áður var varamaður kom inn sem aðalmaður og Guðný sem áður var aðalmaður verður varamaður í stjórn. Linda Dröfn Gunnarsdóttir kom ný inn í stjórn sem fulltrúi Samtaka um kvennaathvarf í stað Sigprúðar Gunnarsdóttur, og fulltrúar Háskólans á Akureyri skiptu með sér sætum þannig að Karen Birna Þorvaldsdóttir kom inn sem aðalmaður og Sigrún Sigurðarsdóttir verður varamaður. Karen Júlía Sigurðardóttir fulltrúi Sjúkrahússins á Akureyri kom inn sem aðalmaður í stað Alice Hörpu Björgvinsdóttur. Breytingar á stjórn voru samþykktar samhljóða.

Framkvæmdaráð Bjarmahlíðar hefur eftirlit með daglegum rekstri og yfirumsjón og er skipað fulltrúum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra, Akureyrarbæ og Aflinu. Framkvæmdaráð er óbreytt og því skipað Agnesi Björk Blöndal, sem jafnframt er formaður framkvæmdaráðs, til vara Páley Borgþórsdóttur, Önnu Marit Níelsdóttur, til vara Karólínu Gunnarsdóttur og Hjalta Ómari Ágústsyni, til vara Rannveigu Gústafsdóttur. Á starfsárinu urðu breytingar á framkvæmdaráði og Bryndís Símonardóttir tók sæti í framkvæmdaráði fyrir hönd

Aflsins í stað Hjalta. Hjalta Ómari Ágústssyni eru þökkuð störf vel unnin störf í þágu Bjarmahlíðar í gegnum árin.

Árið 2023 einkenndist af miklum breytingum, einkum í starfsmannahaldi, og mikil vinna lögð í að tryggja áframhaldandi samfellu í starfi Bjarmahlíðar þrátt fyrir sviptingar í starfsmannamálum. Þær aðstæður sem komu upp á síðari hluta árs 2022 og byrjun árs 2023 sýna bersýnilega hversu brotthætt starfsemi sem byggir á einum starfsmanni er. Ef um óvænt brotthvarf starfsmanns er að ræða er hætt við að starfsemin stöðvist tímabundið þar til hægt er að ráða í stað þess sem forfallaðist. Ekki er sjálfgefið að hægt sé að finna starfsmann með þá menntun og reynslu sem nauðsynleg er með svo skömmum fyrirvara. Stjórn Bjarmahlíðar þakkar Guðrúnu Kristínu Blöndal fyrir vel unnin störf í þágu Bjarmahlíðar og taka að sér tímabundið starf teymisstjóra í upphafi árs 2023. Ljóst er að mikil þekking og reynsla Guðrúnar nýttist afar vel á þessum erfiðu tímum. Kolbrún Magnea Kristjánsdóttir lét af störfum teymisstjóra með skömmum fyrirvara í lok október 2023 og var Kristín Snorradóttir ráðin tímabundið í starf teymisstjóra í 100% starfshlutfalli frá 1. nóvember 2023 og til ársloka. Ráðning Kristínar hefur verið framlengd til ársloka 2024. Kristín Snorradóttir tók að sér starf teymisstjóra með afar skömmum fyrirvara á haustmánuðum 2023, og kann stjórn henni miklar þakkir fyrir. Auglýst var staða ráðgjafa í hlutastarfi á haustmánuðum 2023 en ekki varð af ráðningu ráðgjafa á árinu 2023. Ráðgjafastarf var auglýst að nýju í byrjun árs 2024 og var Birna Guðrún Árnadóttir ráðin tímabundið í 50% starf ráðgjafa frá apríl byrjun 2024.

Frá því að Kristín tók við starfi teymisstjóra hefur verið unnið að efla og treysta bönd á milli Bjarmahlíðar og samstarfsaðila. Þá hefur verið unnið að því að auka aftur sýnileika Bjarmahlíðar með greinaskrifum og viðtölum í fjölmiðlum og með því að virkja samfélagsmiðla.

Fjármögnun Bjarmahlíðar

Bjarmahlíð var sett á laggirnar árið 2019 og var samstarfsverkefni margra aðila, þ. á m. dóms- og félagsmálaráðuneytis sem veittu tveggja ára styrk til reksturs þolendamiðstöðvarinnar. Undanfarin ár hefur Bjarmahlíð reitt sig á stuðning fjárlaganefndar sem veitt hefur starfseminni styrk. Á haustmánuðum 2023 sendi formaður stjórnar enn á ný erindi til fjárlaganefndar þar sem óskað var eftir styrk svo tryggja mætti rekstur Bjarmahlíðar út árið 2024. Á sama tíma og stjórn Bjarmahlíðar er þakklát fyrir styrkveitinguna sem tryggði áframhaldandi starfsemi að sinni er ljóst að ótrygg fjármögnun stendur starfseminni fyrir þrífum. Bjarmahlíð hefur verið rekin fyrir lágmarksframlag sem eru 13-14 milljónir, sem nægir ekki fyrir öllum launakostnaði og er háð öðrum um styrki til að geta boðið upp á fullnægjandi þjónustu. Bjarmahlíð hefur notið velvilja fyrirtækja og stofnanna, félagasamtaka og einstaklinga sem styrkt hafa starfsemina og skipta framlög þessara aðila miklu máli og eru vel þegin.

16 – 18 ára í Bjarmahlíð og samkomulag við SAMNOR

Í lok nóvember 2022 var undirritað samkomulag milli Bjarmahlíðar og framhaldsskólana á Norðurlandi um að þróa og skilgreina samstarf tengt forvörnum gegn ofbeldi. Í Bjarmahlíð hafði orðið vart við vaxandi þörf á stuðningi við undmenni á framhaldsskólaaldri, eða frá 16 ára aldri, en flest ungmenni á aldrinum 16-18 ára eru í framhaldsskóla. Samkomulagið fól í sér fræðslu til skólanna og stuðning við fagaðila innan skólanna eftir þörfum, og beint samtal við nemendur í gegnum nemendafélög skólanna. Með beinu samtali við nemendur myndi

Bjarmahlíð markvisst leitast við að sníða þjónustu sína fyrir þolendur á framhaldsskólaaldri að þeirra þörfum þegar kemur að ofbeldisforvörnum og úrræðum. Gert var ráð fyrir að ungmennum væri mætt með áfallamiðaðri nálgun sem fæli í sér valdeflingu og eflingu áfallaseiglu, sem um leið gætu orðið verndandi aðgerðir gegn ofbeldi síðar á lífsleiðinni. Vegna breytinga í starfsmannamálum hefur ekki verið unnt að sinna þessu verkefni af þeim krafti sem ætlað var en það horfir nú til betri vegar og þess að vænta að aukinn kraftur verið settur í verkefnið.

Bjarmahlíð 5 ára

Þann 1. apríl 2019 hóf Bjarmahlíð þolendamiðstöð á Akureyri starfsemi sína sem tilraunaverkefni styrkt af Dómsmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti og fyrsti skjólstæðingur Bjarmahlíðar kom í hús þann 10. maí 2019. Verkefnið hefur löggu sannað gildi sitt og veitt mörgum þolendum aðstoð á erfiðum stundum. Bjarmahlíð þjónustar alla sem þangað leita óháð lögheimili en þó mest frá sveitarfélögum á Norðurlandi og Austurlandi. Fyrirhugað er að halda upp á 5 ára afmæli Bjarmahlíðar þann 8. maí 2024.

Akureyri, 8. maí 2024.

Páley Borgþórsdóttir, formaður

Guðrún Sigurðardóttir

Karen Birna Þorvaldsdóttir

Karen Júlía Sigurðardóttir

Linda Dröfn Gunnarsdóttir

Margrét Steinarsdóttir


Pétur Maack Þorsteinsson

Rannveig Gústafsdóttir

Þorbjörg Inga Jónsdóttir

Bjarmahlíð- árið 2023 í tölum


Árið 2023 voru 108 einstaklingar sem komu í fyrsta viðtal í Bjarmahlíð. Fjöldi fyrstu viðtala endurspeglar þó ekki vinnu í kringum hvern og einn einstakling. Þá er vert að nefna að fyrstu mánuði ársins 2023 var lítil starfsemi í húsi en ástæða þess eru breytingar sem urðu í starfsmannamálum Bjarmahlíðar undir lok árs 2022 og höfðu áhrif langt inn á starfsárið 2023 eins og nánar er greint frá í skýrslu stjórnar. Vegna mikilla breytinga í starfsmannamálum á árinu verður að gera fyrirvara við tölfræði, en þær tölur sem hér fara á eftir eru lágmarkstölur.



Tafla 1 sýnir fjölda einstaklinga sem komu í fyrsta viðtal í Bjarmahlíð á árinu 2023, en endurspeglar ekki vinnu í kringum hvern og einn einstakling.


Hverri komu í Bjarmahlíð fylgir mikil umsýsla og eftirfylgni. Að loknu fyrsta viðtali þarf að meta þörf einstaklingsins fyrir þau úrræði sem í boði eru fyrir skjólstæðinga Bjarmahlíðar og kalla til samstarfsaðila sem iðulega hitta skjólstæðing í fyrsta sinn í húsnæði Bjarmahlíðar. Er það í samræmi við þá hugmyndafræði sem Bjarmahlíð starfar eftir um einn viðkomustað fyrir þá sem leita sér aðstoðar eftir að hafa orðið fyrir ofbeldi (e. *one-stop-shop*, *Family Justice Centers*). Starfsmenn Bjarmahlíðar sinna ekki meðferðarvinnu en hinsvegar er mikilvægt að meta áfram þörf þeirra fyrir úrræði, og að sami einstaklingur hefur hugsanlega þörf fyrir fleiri en eitt úrræði en eitt eða þörf þeirra fyrir úrræði breytist eftir því sem mál þeirra þróast. Því getur reynst nauðsynlegt fyrir einstakling að koma í fleiri en eitt viðtal en markmið Bjarmahlíðar er að styðja við viðkomandi þannig að hann hafi að lokum ekki þörf fyrir þjónustu Bjarmahlíðar. Hverri komu geta líka fylgt símtöl og ráðgjöf til aðstandenda þolenda, tilkynningar til barnaverndar skv. barnaverndarlögum og ritun greinargerða til samstarfsaðila og í einhverjum tilvikum skýrslugjöf fyrir dómi o.s.frv.

Til samanburðar má sjá í töflu 2 komutölur í fyrsta viðtal í Bjarmahlíð á fyrsta ársfjórðungi ársins 2024, en sjá má af þessum tölum að aðsókn að Bjarmahlíð hefur aukist verulega frá 1. nóvember 2023.




Tafla 2 sýnir fjölda einstaklinga sem komið hafa í fyrsta viðtal í Bjarmahlíð á fyrsta ársfjórðungi 2024.

Í töflu 3 má sjá samanburð á fjölda fyrstu viðtala á milli ára á starfstíma Bjarmahlíðar, en tekið var á mótí fyrsta skjólstæðingi Bjarmahlíðar þann 10. maí 2019.



Tafla 3 Samanburður á milli fjölda viðtala á frá stofnun Bjarmahlíðar.

Eins og áður segir endurspeglar fjöldi fyrstu viðtala í Bjarmahlíð ekki vinnu í kringum hvern og einn einstakling og í töflu 4 má sjá heildarfjölda viðtala sem fram fóru í Bjarmahlíð árið 2023, en taflan sýnir þó ekki nema að nokkru leiti umfang og umsýslu í kringum hvern og einn skjólstæðing. Hér er um að ræða viðtöl við ráðgjafa Bjarmahlíðar og viðtöl við fulltrúa samstarfsaðila og annarra sem fram fóru í húsnæði Bjarmahlíðar að Aðalstræti 14 á Akureyri. Til samanburðar þá var heildarfjöldi viðtala í húsi á fyrsta ársfjórðungi 2024 93 viðtöl.




Tafla 4 sýnir heildarfjölda viðtala sem fram fóru í Bjarmahlíð árið 2023.

Mikilvægt er að hafa í huga að á bak við hverja komu í Bjarmahlíð er einstaklingur sem oft á tíðum er brotinn og óöruggur, einstaklingar sem oft á tíðum efast um að það ofbeldi sem þeir verða fyrir sé nægilega mikið eða nægilega alvarlegt til að leita sér aðstoðar. Því kemur það í hlut Bjarmahlíðar að fræða og skapa umræðu um að ofbeldi eigi sér margar birtingarmyndir og umfram allt er það hlutverk Bjarmahlíðar að koma þeim skilaboðum áleiðis að ofbeldi er aldrei ásættanlegt. Það er ómetanlegt að hafa tækifæri til að sjá þolendur styrkjast, vaxa og dafna með aðstoð og stuðningi Bjarmahlíðar.


Hluti af daglegum verkefnum Bjarmahlíðar fela einnig í sér að sinna fræðslu- og forvarnarhlutverki á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum, með samskiptum við samstarfsaðila og samstarfi við aðra sem starfa að málefnum þolenda.

Tilvísanir innan Bjarmahlíðar eftir fyrsta viðtal



Tafla 5 sýnir tilvísanir innan Bjarmahlíðar eftir fyrsta viðtal

Tilvísanir utan Bjarmahlíðar eftir fyrsta viðtal




Tafla 6 sýnir tilvísanir utan Bjarmahlíðar eftir fyrsta viðtal

Hverjir eru það sem leita til Bjarmahlíðar?




Skipting eftir búsetu 2023



Ákveðið hafði verið að útvíkka starfsemi Bjarmahlíðar þannig að þjónustan væri ekki aðeins í boðið fyrir þolendur ofbeldis 18 ára og eldri, heldur nái til allra sem náð hafa framhaldsskóla aldri. Unnið hefur verið að útfærslu þessarar þjónustu en mikilvægt er að sú þjónusta verði að höfðu samráði og í samstarfi við barnavernd. Þá hefur einnig verið horft til þess að þá geti gefist tækifæri til að vera með námskeið fyrir þennan aldurshóp og þá er einkum verið að horfa til forvarna hjá ungmennum sem eru oft á tíðum að stíga sín fyrstu skref í nánnum samböndum.

Aldursdreifing í Bjarmahlíð 2023



Árið í Bjarmahlíð



Mynd: RÚV – Krístrún Eyjólfsdóttir

Þann 25. - 26. maí 2023 sóttu teymisstjóri, formaður stjórnar og formaður framkvæmdaráðs Bjarmahlíðar ráðstefnu um nýja sókn gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi sem haldin var af Sigurhæðum með stuðningi frá European Family Justice Center Alliance, en auk þess stóðu að ráðstefnunni Bjarkarhlíð, dómsmálaráðuneyti, félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Jafnréttisstofa, Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu, námsbraut í kynjafræðum við Háskóla Íslands, Ríkislögreglustjóri og Soroptimistaklúbbur Suðurlands.

Markmið ráðstefnunnar var að efla stefnumótun og bæta þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis. Á ráðstefnunni var jafnframt kynnt niðurstaða úttektar Kristína Önnu Hjálmarsdóttur á íslensku þolendamiðstöðvunum, „Íslenskar þolendamiðstöðvar, tækifæri og áskoranir framundan.“¹ Markmið verkefnisins var að greina hentugustu leiðir til að tryggja starfsemi þjónustumiðstöðva til framtíðar á Íslandi og leggja grunn að stefnumótun vegna aðkomu lögregluembættanna að þjónustumiðstöðvunum og samræmingu við verklag lögreglu í heimilisofbeldismálum.

Meðal niðurstaðna Kristínar Önnu var að ótrygg fjármögnun til framtíðar væri stærsta áskorunin sem þolendamiðstöðvarnar stæðu frammi fyrir og þyrftu miðstöðvarnar að sækja um styrki frá ári til árs til ýmissa ráðuneyta og ríkisstofnanna. Rekstarumhverfi þeirra væri því mjög ótryggt sem takmarkaði svigrúm þeirra til að skipuleggja starfsemi sína til lengri tíma og

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Greining_%C3%9Eolendamidstodvar_juni2023_lokautgafa.pdf

móta þjónustuna. Þetta hefur Bjarmahlíð reynt á eigin skinni og hefur undanfarin ár þurft að leita til fjárlaganefndar Alþings og því hefur fjármögnun næsta árs yfirleitt ekki legið fyrir fyrir en undir lok starfsársins. Bjarmahlíð kann fjárlaganefnd miklar þakkir fyrir stuðningin undanfarin ár, en vissulega hefur þessi staða mikil áhrif á allt skipulag og samfellu í starfi Bjarmahlíðar.

Þá bendir Kristín Anna einnig á að hvergi í lögum sé sérstaklega kveðið á um ábyrgð sveitarfélaga á málefnum þolenda eða þjónustu við þá, þó að sveitarfélögum beri skylda til að sinna almenntri velferðarþjónustu.

Þann 2. júní 2023 skilaði starfshópur félags- og vinnumarkaðsráðherra skýrslu um fyrirkomulag vegna þjónustu vegna ofbeldis. Starfshópnum hafði verið falið að skoða laga- og reglugerðaumhverfi þjónustu vegna ofbeldis og koma með tillögur um hvernig best megi tryggja þjónustu sem standa þarf bæði þolendum og gerendum ofbeldis til boða, einkum með tilliti til Ístanbúl-samningsins sem fullgiltur var á Íslandi árið 2018.²

Starfshópurinn leggur til fjölbreyttar aðgerðir sem fela m.a. í sér breytingar á framtíðarfyrirkomulagi þjónustu vegna ofbeldis. Sumar þeirra kalla á umtalsverðar kerfisbreytingar og má þar nefna breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og breytingar á lögum um nálgunarbönn og brottvísanir. Ein viðamesta tillaga hópsins er að komið verði á fót nýrri stofnun eða einhverri núverandi stofnun ríkisins, t.d. Jafnréttisstofu, falin eftirfylgni með stefnu stjórnvalda í ofbeldismálum, greiningarvinnu, samhæfingu aðgerða, þróun verkferla ólíkra þjónustuveitenda og þekkingaröflun og fræðslu. Þá verði jafnframt komið á skilvirku og samræmdu eftirliti og mati á stefnum og aðgerðum sem heyra undir Ístanbúlsamninginn og framkvæmd þeirra.

Árið 2023 í Bjarmahlíð einkenndist af miklum breytingum, einkum í starfsmannahaldi, og mikil vinna lögðu í að tryggja áframhaldandi samfellu í starfi Bjarmahlíðar þrátt fyrir sviptingar í starfsmannamálum. Þær aðstæður sem komu upp sýna svart á hvítu hversu viðkvæm og brothætt starfsemi sem byggir á einum starfsmanni er. Ef um óvænt brotthvarf starfsmanns er að ræða er hætt við að starfsemin stöðvist tímabundið þar til hægt er að ráða í stað þess sem forfallast. Ekki er sjálfgefið að hægt sé að finna starfsmann með þá menntun og reynslu sem nauðsynleg er með svo skömmum fyrirvara. Kolbrún Magnea Kristjánsdóttir sem ráðin var sem teymisstjóri 1. apríl 2023 lét af störfum með skömmum fyrirvara í lok október sama ár og var Kristín Snorradóttir ráðin tímabundið í starf teymisstjóra frá 1. nóvember 2023 og til ársloka. Ráðning Kristínar hefur verið framlengd til ársloka 2024.

Frá því að nýr teymisstjóri tók við starfi þann 1. nóvember 2023 hefur verið unnið ötullega að því að auka aftur sýnileika Bjarmahlíðar með greinaskrifum og viðtölum í fjölmiðlum og með því að virkja samfélagsmiðla.

Eftirfarandi grein var birt á Vísi þann 30. nóvember 2023:

² https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Fyrirkomulag_thjonustu_vegna_ofbeldis_skyrsla%20starfshops_2023.pdf

Ofbeldi á aldrei rétt á sér³

Ofbeldi hefur aukist á Íslandi. Um er að ræða allar tegundir ofbeldis, heimilisofbeldi, kynferðis ofbeldi, andlegt ofbeldi og stafrænt ofbeldi svo eitthvað sé nefnt. Ofbeldi á sér ótal myndir og ekki alltaf sem þolendur átta sig á því að þeir búa við ofbeldi.

Ofbeldi meðal þeirra sem neyta áfengis og eða vímuefna hefur harðnað og þeir sem eiga við vímuefnafíkn að etja verða frekar þolendur ofbeldis. sem og gerendur. Það er vissulega áhyggjuefni að þegar einstaklingar hafa lokið vímuefnameðferð eiga þeir eftir að vinna úr ofbeldinu, hvort sem þeir eru þolendur eða gerendur.

Það er því samfélagslega hagkvæmt að mæta þolendum ofbeldis og vímuefnaneytendum. Á síðustu árum má sjá hvernig ofbeldi hefur stigmagnast og hefur leitt til manndráps í einhverjum tilfellum. Glögglega má sjá á fréttaflokkum vegna þannig mála að svo sé og einnig má nefna að vopnaburður hefur aukist.

Er þörf fyrir úrræði eins og Bjarmahlíð á Akureyri?

Já, svo sannarlega er þörf fyrir skilvirk úrræði fyrir þolendur ofbeldis af hvaða tagi sem er og hjá Bjarmahlíð hefur þeim fjölgað sem leita þangað eftir hjálp. Það ber að fagna því að fólk leitar sér aðstoðar og að öllum er gert kleift að fá hjálp þeim að kostnaðarlausu. Bjarmahlíð er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og býður upp á ráðgjöf, aðstoð og upplýsingar fyrir fólk sem beitt hefur verið ofbeldi.

Bjarmahlíð er staðsett á Akureyri og þjónustar allt Norður-og Austurland, auk þess sem Bjarmahlíð hefur lagt suðvesturhorninu lið vegna mikilla biðlista þar.

Í Bjarmahlíð eru allir þolendur velkomnir og fá þjónustu við hæfi, byrjað er á því að greina hvað hver einstaklingur þarfnast og lögð áhersla á að beina þolendum í þá þjónustu sem hæfir hverjum og einum. Bjarmahlíð vinnur með þolendum ofbeldis á þeirra forsendum. Þjónustan er einstaklingsmiðuð þar sem virðing er borin fyrir reynslu hvers og eins enda er hún margsskonar. Sem dæmi er ekki óalgengt að þolandi ofbeldis leiti í sjálfsásökun, skömm og niðurrif. Því er það hluti af ráðgjöfinni í Bjarmahlíð að vera valdeflandi og benda á að ofbeldi á aldrei rétt á sér.

Mikilvægt að við getum farið í öflugt fræðslu og forvarnarstarf.

Bjarmahlíð veitir svokallaða lágþröskuldapjónustu sem miðar að því að grípa þolandann, valdefla og að vísa í viðeigandi úrræði sem Bjarmahlíð er í samstarfi við eða benda fólki á utanaðkomandi úrræði. Með öðrum orðum að þolandinn þarf ekki að rekast á vegg kerfisins heldur fær leiðsögn sem greiðir leiðina. Lögð er áhersla á teymisvinnu þeirra stofnana og samtaka sem koma að þjónustu við þolendur ofbeldis.

Gott samstarf er við velferðarþjónustu sveitafélaganna, heilsugæslu, lögreglu, kvennaráðgjöfina og mannréttindastofu. Auk þess vinnur Bjarmahlíð mjög náið með Aflinu sem veitir áfallamiðaða ráðgjöf til þolenda þeim að kostnaðalausum

³ <https://www.visir.is/g/20232496810d/of-beldi-a-aldrei-rett-a-ser>

og Kvennaathvarfinu og Píetasamtökunum. Teymisvinna þessara aðila verður til þess að fólk fær skjótari þjónustu og fær þann stuðning sem það þarfnast í áfalli.

Polendum er mætt í hlýlegu og öruggu umhverfi á þeirra forsendum og þeim að kostnaðarlausu. Þetta er áfallamiðuð þjónusta sem er sérsniðin að þeim sem verða fyrir ofbeldi af einhverju tagi. Markmið Bjarmahlíðar er að efla fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis, ásamt því gefa skýr skilaboð um að ofbeldi sé ekki liðið. Fyrirhuguð er forvarnar-og fræðsluherferð þar sem vonast er til að ná til sem flestra 16 ára og eldri, en það er sá hópur sem fær þjónustu Bjarmahlíðar. Eins og algengt er með grasrótastarf er Bjarmahlíð rekin að mestu leiti á styrkjum frá velferðakerfinu sem og fyrirtækjum og öðrum stofnunum.

Brýnt er að samfélagið horfist í augu við vandann sem við er að etja og leggi starfinu lið með því að úrræði eins og Bjarmahlíð fái stöðugt fjármagn af fjárlögum til þess að starfið geti eflst og þróast. Það er þjóðfélagslega hagkvæmt að byggja upp sterka einstaklinga.

Höfundur er teymisstjóri Bjarmahlíðar.

Lykiltölur úr ársreikningi

Rekstrartekjur ársins 2023 námu samtals 26,5 m.kr., sem er hækkun um hækkun um 8, m.kr. á milli ára. Helsta skýring á hækkun rekstrartekna á milli ára var sú að bókfærðir voru sem tekjur styrkir frá Akureyrarbæ vegna húsnæðis sem bærinn leggur til og vinnuframlags í framkvæmdaráði og styrkur frá Löreglustjóranum á Norðurlandi eystra vegna vinnu við bókhald, umsýslu, tölvu- og tæknimála og vinnuframlags í framkvæmdaráði. Rekstrargjöld ársins 2023 námu 20, 5 m.kr. sem er hækkun um 7,2 m.kr. á milli ára. Skýringu á hækkun rekstrargjalda er að gjaldfærð hefur verið húsaleiga, umsýsla og vinnuframlag starfsmanns Akureyrarbæjar í framkvæmdaráði og vinna við bókhald, umsýslu, tölvu-og tæknimál og vinnuframlag starfsmanns Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra í framkvæmdaráði.

Í árslok 2023 nam eigið fé Bjarmahlíðar um 17,9 m.kr. Í lok ársins 2022 nam hrein eign 11.1 m.kr.

	2023	2022
Rekstrartekjur alls	26.452.084 kr	18.406.198 kr
Rekstrargjöld alls	20.493.599 kr	13.269.071 kr
Tekjuafgangur/halli án fjármagnsliða	5.958.485 kr	5.137.127 kr
Fjármunatekjur	395.968 kr	72.895 kr
Tekjuafgangur ársins	6.354.453 kr	5.210.022 kr
Óráðstafað eigið fé í árslok	17.891.412 kr	11.019.959 kr

Gjafir og styrkir 2023

Samtals námu gjafir og styrkir til Bjarmahlíðar tæplega 13,5 m.kr. Sundurgreiningu gjafa og styrkja má sjá í töflu hér að neðan.

	2023
Styrkir	
Soroptimistasamband Íslands	1.800.000 kr
Soroptimistaklúbbur Tröllaskaga	150.000 kr
Samherji	250.000 kr
Dómsmálaráðuneyti	3.423.828 kr
Akureyrarbær	4.328.256 kr
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	3.500.000 kr
Samtals	13.452.084 kr

Samstarfsaðilar Bjarmahlíðar

Akureyrarbær

Akureyrarbær leggur til ráðgjöf hjá félagsráðgjafa sem aðstoðar þolendur vegna félagslegra aðstæðna, t.d. fjárstuðning vegna íbúðskipta, aðstoð/stuðningur vegna barna (líkt og Askjan), styrkir vegna fagmeðferðar og fleira í þeim dúr. Félagsráðgjafi frá Akureyrarbæ kemur í Bjarmahlíð og hittir einstakling í húsi, að því viðtali loknu flyst mál viðkomandi sjálfkrafa yfir á Velferðarsvið. Teymisstjóri og félagsráðgjafi Akureyrarbæjar eru að auki í reglulegum samskiptum við félagsþjónustu/velferðarsvið í Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Skagafirði, Húnaþing eystra og vestra, Norðurþingi og fleiri, vegna mála einstaklinga sem leita til Bjarmahlíðar en eru búsettir utan Akureyrar.

Lögfræðingur Velferðarsviðs Akureyrarbæjar kemur reglulega í Bjarmahlíð og veitir ráðgjöf, t.d. vegna skilnaðar eða sambandsslita o.s.frv.

Þá leggur Akureyrarbær Bjarmahlíð til húsnæði í Aðalstræti 14.

Fulltrúi frá Akureyrarbæ situr í stjórn Bjarmahlíðar og einnig situr fulltrúi frá Akureyrarbæi í framkvæmdaráði.

Aflið

Aflið býður uppá jafningjafræðslu og stuðning fyrir þolendur ofbeldis, fyrir öll kyn og allar tegundir ofbeldis. Þar starfa ráðgjafar sem sérhæfa sig í að tala við og fræða þolendur ofbeldis. Samstarfið byggir einnig á að Aflið vísar einstaklingum í Bjarmahlíð, svo þeir einstaklingar fái aðgang að fleiri úrræðum. Bjarmahlíð og Aflið eru bæði staðsett í Aðalstræti 14 og það auðveldar allt samstarf til muna.

Fulltrúi frá Aflinu situr í stjórn Bjarmahlíðar og hefur Aflið einnig tilnefnt aðila í framkvæmdaráð.

Háskólinn á Akureyri

Bjarmahlíð hefur verið í góðu samstarfi við HA, tekið þátt í fyrirlestrum og kynningum um starfsemina og ofbeldi almennt og að auki koma reglulega namar í samfélagslegt verknám, í Bjarmahlíð og Kvennaathvarfi Norðurlands. Nú standa yfir viðræður við HA varðandi það að meistaranemar skuldbindi sig sem sjálfboðaliðar í Kvennaathvarfinu gegn því að fá einingar fyrir.

Fulltrúi frá Háskólanum á Akureyri situr í stjórn Bjarmahlíðar.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Sálfræðimeðferð vegna áfalla- og streituröskunnar, yfirsálfræðingur HSN metur þolendur inn í meðferð. Gott samstarf við hjúkrunarfræðinga og lækna, sem vísa reglulega í Bjarmahlíð.

Fulltrúi frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands situr í stjórn Bjarmahlíðar.

Kvennaathvarfið

Samtök um kvennaathvarf hafa verið samstarfsaðilar Bjarmahlíðar frá upphafi og í gegnum það samstarf vaknaði hugmynd um að koma á tilraunaverkefni um rekstur neyðarathvarfs á Norðurlandi fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er óbærileg vegna ofbeldis. Í kvennaathvarfi fer fram jafningafræðsla fyrir þolendur heimilisofbeldis eða ofbeldis í nánu sambandi, ásamt dvöl í athvarfinu, sem staðsett er í nágrenni Bjarmahlíðar.

Fulltrúi Samtaka um kvennaathvarf situr í stjórn Bjarmahlíðar.

Kvennaráðgjöfin

Lögfræðiaðstoð og ráðgjöf, mál sem snúa að ofbeldi. Lögmaður kemur reglulega í Bjarmahlíð en býður einnig uppá símaviðtöl, oftast með stuttum fyrirvara. Bjarmahlíð og Kvennaráðgjöfin höfðu stefnt á að fara í kynningarátak hjá fyrirtækjum á okkar svæði, með það að markmiði að kynna starfsemi Bjarmahlíðar fyrir fólki af erlendum uppruna, en Covid-19 hefur ekki orðið að því enn. Stefnt er að því að lagt verið af stað með átakið á haustmánuðum 2022.

Fulltrúi frá Kvennaráðgjöfinni situr í stjórn Bjarmahlíðar.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra er einn af samstarfsaðilum Bjarmahlíðar og hefur frá upphafi gegnt mikilvægu hlutverki í starfseminni, þ.e. að veita brotapolum upplýsingar um réttarvörslukerfið og framgang mála hjá lögreglu, þ.m.t. um kærufæri og málsmeðferð, kynnt úrræði á borð við nálgunarbann og brottvísun o.s.frv. Lögfræðingar embættisins og rannsóknarlögreglumenn hafa þegar þess er óskað hitt brotþola í Bjarmahlíð en ekki hefur verið um fasta viðveru lögreglu að ræða. Þá hefur komið til þess að lögregluskýrslur hafi verið teknar í Bjarmahlíð, en það getur reynst þolendum erfitt að stíga það skref að mæta á lögreglustöð til að leggja fram kæru eða gefa skýrslu. Bjarmahlíð hefur einnig átt í samstarfi við embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra.

Í upphafi þegar lagt var af stað með tilraunaverkefni um þolendamiðstöð á Norðurlandi var af hagkvæmnisástæðum ákveðið að fjármál, bókhald og utanumhald um starfsmannamál Bjarmahlíðar yrði á höndum lögreglustjóraembættisins.

Lögreglustjóri hefur frá stofnun Bjarmahlíðar verið formaður stjórnar og embættið jafnframt tilnefnt einn fulltrúa í framkvæmdaráð.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Samvinnuverkefni Bjarmahlíðar og Mannréttindaskrifstofunnar, með sérstaka áherslu á aðstoð og fræðslu til fólks af erlendum uppruna.

Fulltrúi frá Mannréttindaskrifstofunni situr í stjórn Bjarmahlíðar.

Sjúkrahúsið á Akureyri

Sjúkrahúsið á Akureyri vísar reglulega einstaklingum í Bjarmahlíð og teymisstjóri Bjarmahlíðar er í reglulegum samskiptum og samvinnu við félagsráðgjafa SAK, ásamt starfsfólki göngu- og legudeildar geðdeildar. Samstarfið byggir einnig á að ef einstaklingur hefur þörf á læknisskoðun eða áverkavottorði, getur teymisstjóri haft beint samband við bráðamóttöku, svo einstaklingurinn þurfi hvorki að bíða á biðstofu bráðamóttökunnar né bíða mjög lengi eftir þjónustu/skoðun.

Fulltrúi frá Sjúkrahúsinu á Akureyri situr í stjórn Bjarmahlíðar.